




Norðurmiðstöð Kynning fyrir íbúaráð

Kristinn J. Reimarsson framkvæmdastjóri




Borgarmiðstöðvar – íbúafjöldi 1. desember 2021






Aldurssamsetning Laugardalur vs. Háaleiti Bústaðir





Aldurssamsetning

Laugardalur vs. Háaleiti Bústaðir






Lýðfræði hverfa

	Laugardalur	Háaleiti og Búst.	Samtals
Fjöldi karla	9.119	7.890	17.009
Fjöldi kvenna	8.946	8.003	16.949
Fjöldi íbúa samtals	18.065	15.893	33.958
Hlutfall karla af íbúum hverfis	50,5%	49,6%	50,1%
Hlutfall kvenna af íbúum hverfis	50%	50%	49,9%
Hlutfall íbúa hverfis af heildarfjölda íbúa Rvk.	13,3%	11,7%	25,0%
Fjöldi barna 0-15 ára	3.375	3.033	6.408
Hlutfall barna 0-15 ára af íbúum hverfis	19%	19%	19%
Hlutfall barna 0-15 ára í hverfi af fjölda barn á þeim aldri í Rvk	14%	12%	26%
Fjöldi íbúa 67 ára og eldri	2.725	2.483	5.208
Hlutfall íbúa 67 ára og eldri af íbúum hverfis	15%	16%	15%
Hlutfall íbúa 67 ára og eldri í hverfi af fjölda íbúa á þeim aldri í Rvk	16%	15%	31%
Fjöldi íbúa 90 ára og eldri	276	223	499
Hlutfall íbúa 90 ára og eldri af íbúum hverfis	1,5%	1,4%	1,6%
Hlutfall íbúa 90 ára og eldri í hverfi af fjölda íbúa á þeim aldri í Rvk	26%	21%	47%
Fjöldi íbúa með erlent ríkisfang	2.829	1.954	4.783
Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang af íbúum hverfis	16%	12%	13%
Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang í hverfi af fjölda íbúa með erlent ríkisfang í Rvk	12%	8%	20%




Skiptur velferðarsviðs





Skipurit miðstöðva borgarinnar





Sérhæfð teymi

Teymi sem starfa þvert á miðstöðvar og hverfi:

- Teymi um farsæld barna – staðsett miðlægt
- VoR-teymi – staðsett á Vesturmiðstöð
- Keðjan – staðsett miðlægt
- Alþjóðateymi – staðsett í Suðurmiðstöð
- Virknihús – staðsett miðlægt
- Öldrunarráðgjöf – staðsett í Norðurmiðstöð





Markmið miðstöðva

- Aðgengileg þjónusta fyrir íbúa.
- Markviss þjónusta með samþættingu verkefna og náinni samvinnu ólíkra fagstétta.
- Efla félagsauð í hverfum, samstarf við íbúa, frjáls félagasamtök, grasrótarstarfsemi og aðra starfsemi í hverfum





Stefnumarkandi áherslur velferðar





Skipulagsbreytingar byggðar á velferðarstefnu Reykjavíkurborgar

- Endurskoða skipulag velferðarsviðs
- Notendur alltaf í forgrunni
- Skilgreina heildarþjónustu - samræma þjónustustig
- Einstaklingsmiðuð nálgun
- Árvekni gagnvart fjölbreyttum þörfum fólks
- Efla notkun stafrænna lausna
- Þekkingardrifin vinnustaðamenning





Fatlað fólk

- Deildarstjóri næsti yfirmaður ráðgjafa og forstöðumanna íbúðakjarna og sambýla
- Málefni fatlaðra barna færast í deild barna og fjölskyldumála
- Innleiðing og vinna á grundvelli nýrra reglna um stoð og stuðningsþjónustu
- Ný hugmyndafræði á grundvelli laga nr. 38/2018 og samnings Sameinuðu þjóðanna





Börn og barnafjölskyldur

- Málefni barna og barnafjölskyldna undir einum hatti
- Hluti stöðugilda skólaþjónustu færast yfir til SFS í verkefninu Betri borg fyrir börn
- Deildarstjóri yfirmaður félagsráðgjafa, þroskaþjálfra og sálfræðinga
- Innleiðing á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna
- Mikil áhersla á málefni fatlaðra og langveikra barna
- Norðurmiðstöð verður leiðandi í skipulagi þjónustu sem varðar langveik og fötluð börn





Virgni og ráðgjöf


- Deildarstjóri stýrir virgni og ráðgjöf, þ.m.t. starfsfólki í símsvörun og móttöku
- Höfuðáhersla á að virkja alla einstaklinga til náms / atvinnu / virgni.
- Öflugt samstarf við virknihús, alþjóðateymi, vettvangs og ráðgjafarteymi auk rafrænnar þjónustumiðstöðvar
- Áhersla á gæðaferla og árangursmat
- Móttaka og leiðsögn viðskiptavina velferðarsviðs. Fjölskylduvinna og málefni barna færast í deild barna og fjölskyldumála





Ávinningur breytinga á innra skipulagi

- Samræmt skipulag á milli þjónustumiðstöðva
- Þekkingardrifin vinnustaðamenning
- Aukin sérfæðipekking á málaflokkum
- Sértek teymi innan deildar, milli deilda og þjónustumiðstöðva
- Áhersla á teymisstjórnun – sterkara staðgenglahlutverk - frumkvæði
- Aukið svigrúm til að stuðla að framþróun og nýbreytni
- Flæði þekkingar – kortlagning og skipulag





Teymi sem sinna allri borginni

Þrjú teymi á miðstöðinni starfa þvert á borgina:

- Vettvangsgeðteymi
 - *Teymið sinnir einstaklingum með geðfatlanir sem búa í og /eða fá stuðning frá íbúðakjörnum á vegum velferðarsviðs og þurfa tímabundið þverfaglega og einstaklingsmiðaða þjónustu og vinnur í samstarfi við geðsvið LSH.*
- Fíkniteymi
 - *Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við notendur í sameinaðri heimaþjónustu. Koma á úrræðum í tengslum við fíknina hvort sem um er að ræða skaðaminnkun eða meðferð.*
- Viðbragðsteymi heimaþjónustu
 - *Hlutverk heimaþjónustu er að styðja við heimilishald og vinna gegn félagslegri einangrun. Stundum hafi einstaklingar hins vegar misst fótanna í heimilishaldi, oft vegna andlegra veikinda, neyslu eða annarra tilfallandi ástæðna, og þá komi til kasta viðbragðsteymisins. Verkefni teymisins er í raun að taka til hendinni á heimilinu: Henda, þrífa og flokka hluti, jafnvel að ditta að og setja upp myndrænar leiðbeiningar svo íbúa reynist auðveldara að halda í horfinu.*



Hvers konar velferðarþjónustu veitum við?

Börn og fjölskyldur

- Stuðningur vegna félagslegra aðstæðna, álags, veikinda, fötlunar og annarra þátta.
- Námskeið, fræðsla, einstaklingsstuðningur, hópastarf, uppeldisráðgjöf o.fl.

Heimastuðningur og heimahjúkrun

- Markviss stuðningur svo fólk geti búið sem lengst á eigin heimili.
- Þjónusta veitt í nánu samstarfi við notendur.

Fatlað fólk

- Búsetuúrræði, stoðþjónusta og stuðningur.

Virgni og ráðgjöf

- Fjölbreytt ráðgjöf, til dæmis fjárhagsaðstoð, félagslegt leiguhúsnæði, félagsleg aðstoð og margt fleira.

Eldra fólk

- Félagsmiðstöðvar Norðurbrún 1 og Dalbraut 21 – 27 í tengslum við þjónustuíbúðir.
Dalbraut 18 - 20 fjölbreytt félagsstarf og heitur matur í hádeginu.




Mælaborð velferðarþjónustu

- <https://velferd.reykjavik.is/>

Fjárhagsaðstoð
Sérstakur húsnæðisstuðningur
Félagsleg heimaþjónusta (Heimastuðningur)
Heimahjúkrun
Heimsendur matur
Liðveisla og frekari liðveisla (Stoð- og stuðningsþjónusta)
Stuðningsþjónusta fyrir börn og fjölskyldur
Félagslegt leiguhúsnæði
Akstursþjónusta
Skólaþjónusta, tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál
Barnaverndartilkynningar
Heimilisofbeldi




Starfsstöðvar Norðurmiðstöðvar





Verkefnisstjóri félagsauðs og frístunda

- Helstu verkefni:
 - Lifandi tengslanet við íbúa – íbúasamtök og íbúaráð
 - Hverfishátíðir og hverfistengd verkefni
 - Stuðningur við foreldrasamstarf – Foreldraþorpið
 - Hverfið mitt / lýðræðisverkefni
 - Notendasamráð og nágrannavarsla
 - Þverfaglegt samstarf innan hverfa
 - Gagnkvæm upplýsingamiðlun, skrif í Hverfablaðið
 - Efla borgaravitund og íbúalýðræði
 - Forvarnir og heilsuefning (forvarnarteymi)
 - Samþætting og ráðgjöf í félags- og frístundastarfi
 - Velkomin verkefnið





Betri borg fyrir börn

Innleiðing verkefnisins í öll hverfi borgarinnar

Hákon Sigursteinsson, formaður verkefnastjórar um farsæld barna



Reykjavík
– fyrir okkur öll






Tilgangur verkefnisins

Að skipuleggja þjónustu Reykjavíkurborgar til barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra þannig að hún nái enn betur að mæta þörfum þeirra styðji til farsældar, samhæfa eins og kostur er alla skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu í borgarhlutanum og auka þverfaglega samvinnu t.d. við heilbrigðisþjónustu.

Að öll skóla- og frístundaþjónusta sé heiltæk, þ.e. varði heildarþjónustupörf leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva frá Reykjavíkurborg, þ.e. stjórnendur, starfsmenn, börn og foreldrar.

Að styrkja samlegð og samfellu þjónustu við skóla, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili þannig að þjónustan stuðli að auknu samstarfi og um leið auknum gæðum í starfi með börnum á leik- og grunnskólaaldri.






Tilgangur verkefnisins

Auka dreifstýringu í leikskóla- og grunnskólastarfi þannig að hún verði áþekk því sem nú er í frístundastarfi svo að stjórnendur leik- og grunnskóla finni fyrir meiri nálægð frá stjórnendum og ráðgjöfum Reykjavíkurborgar.

Að mannauður og fjármagn í öllu skóla-, frístunda- og velferðarstarfi nýtist sem best. Með auknu samstarfi og samhæfingu milli stofnana opnast möguleikar á að samnýta mannauð og fjármagn í ríkari mæli.





Farsældarlög og stýrihópur Ísaks

frá og með 1. janúar 2022



Leiðarljós nýrra laga um farsæld barna

- Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem áður þurfa að halda hafi aðgang að sambættri þjónustu við hæfi án hindrana.
- ALLIR sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu:
 - **Fylgjast með velferð og farsæld** barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
 - **Bregðast við þörf barna og foreldra** fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og hún vaknar.
 - **Eiga samráð sín á milli** með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og sambætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.



Aðrar mikilvægar breytur farsældarlaga ...

- Snemmtækur stuðningur á vettvangi barna og fjölskylda
- Stigskipt þjónusta innan og milli þjónustustiga
 - Tengiliður á 1. stigi þjónustunnar
 - beiðni og samþykki foreldra fyrir samþættingu
 - Málstjóri á 2. og 3. stigi þjónustunnar
 - **málstjórn er á 2. stigi á meðan KÖNNUN barnaverndar er í gangi ...**
- Stuðningsteymi barns
 - Stuðningsáætlun barns



Samþykktar tillögur





Verkefni færð í nýja skóla- og frístundapjónustu

Eftirfarandi verkefni **skólapjónustu** sem hefur verið sinnt af velferðarsviði færist í nýja skóla- og frístundapjónustu í borgarhluta:

Kennslu- og sérkennsluráðgjöf, hegðunarráðgjöf, þjónusta talmeinafræðinga, Farteymi og málefni daggæslu.





Helstu verkefni skóla- og frístundapjónustu

Helstu verkefni skóla- og frístundapjónustu í borgarhluta verði:

- Skipulag og stjórnun skóla- og frístundastarfs
- Stuðningur við stjórnendur
- Málefni daggæslu
- Ráðgjöf um almenna starfs- og kennsluhætti
- Ráðgjöf og meðferð einstaklingsmála
- Styrking félagsauðs
- Kennslu- og sérkennsluráðgjöf
- Hegðunarráðgjöf
- Ráðgjöf talmeinafræðinga
- Farteymi





Samþætting þjónustunnar

Skóla- og frístundaþjónusta í borgarhluta og velferðarþjónusta miðstöðva verði samþætt til að þjónustan nýtist sem best börnum og fjölskyldum þeirra og starfseiningum hverfisins.

Vegna þessa verður starfsemi skóla- og frístundaþjónustu staðsett á miðstöðvum og enn fremur færast skrifstofur frístundamiðstöðva Tjarnarinnar, Kringlumýrar og Gufunesbæjar/Ársel í miðstöðvar í þeim borgarhluta sem við á.






Deild barna og fjölskyldna á Velferðarsviði

Samkvæmt nýsamþykktu skipuriti miðstöðva verður til ný eining, deild barna og fjölskyldna í fjórum borgarhlutum.

Deildinni er ætlað að veita heildstæða og samþætta þjónustu til barna og fjölskyldna þar sem lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 verða leiðarljósið í skipulagi þjónustunnar.

Sérstök áhersla verður á þjónustu við langveik og fötluð börn með fjölþættar þjónustuparfir, börn í félagslegum vanda auk sálfræðiþjónustu við skóla.

Innan deildar barna og fjölskyldna starfa ýmsir sérfræðingar t.d. félagsráðgjafar, þroskajálfarar, og sálfræðingar.





Verkefni B&F:

Samþætt þjónusta til barna og fjölskylda,
Stuðningur og þjónusta við fötluð börn,
Félagsleg ráðgjöf og fjölskylduvinna,
Sálfræðiþjónusta vegna leik- og
grunnskólabarna,
Málstjórn,
Unglingaráðgjöf og
Forvarnir.




Félagsráðgjöf
Hegðunarráðgjöf
Kennslu- og
sérkennsluráðgjöf
Sálfræðiráðgjöf
Talmeinaráðgjöf
Þroskajálfar
Vinna farteyma



Verkefni SFP:

Skipulag og samhæfing skóla- og
frístundastarfs
Stuðningur við stjórnendur
Ráðgjöf um almenna starfs- og
kennsluhætti
Ráðgjöf og meðferð einstaklingsmála
Ráðgjöf um mannauðsmál
Ráðgjöf um fjármál
Styrking félagsauðs í borgarhluta
Málafni daggæslu

Lágpröskulda-, notendavæn-, heildstæð- og gagnadrifin þjónusta





Grunnskólapjónusta skóla- og frístundasvið Norðurlandsháls



Skólateymi

- Skólateymið eru ráðgefandi við 12 grunnskóla í Laugardal og Háaleiti ásamt Brúarskóla, Klettaskóla og Waldorfskóla.
- Ráðgjafar eru tengiliðir við ákveðna skóla og berast allar fyrirspurnir frá skólunum til tengiliða.
- Ráðgjafar sinna ráðgjöf og eru stuðningur við skólana í málum nemenda, kennara og foreldra.
- Rúmlega 4.000 þúsund nemendur og 750 starfsmenn.
- Skólateymið vinnur þétt með leikskóla og frístundasviði ásamt VEL.
- Fagstjóri er með yfirumsjón með starfssemi grunnskóla í hverfinu og starfssemi grunnskólaþjónustu í Norðurmiðstöð.
 - Leiðir þróun fagstarfs í samvinnu við skólastjórnendur og aðra.
 - Stuðlar að því að allir starfi í samræmi við lög, reglugerðir, starfsáætlanir SFS, BBB og menntastefnu borgarinnar.





Leikskólapjónusta skóla- og frístundasvið Norðurlandsháls



Leikskólateymi

- Leikskólateymið eru ráðgefandi við 18 leikskóla í Laugardal og Háaleiti. Í leikskólateyminu eru sex starfsmenn.
- 1.460 börn og um 600 starfsmenn
- Fagstjóri er með yfirumsjón með starfsemi leikskóla í hverfinu og starfsemi leikskólapijónustu í Norðurmiðstöð.
 - Leiðir þróun fagstarfs í samvinnu við skólastjórnendur og aðra.
 - Stuðlar að því að allir starfi í samræmi við lög, reglugerðir, starfsáætlanir SFS, BBB og menntastefnu borgarinnar.





KRINGLUMYRI

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

FAGMENNSKA – VELLÍÐAN – FJÖLBREYTTLEIKI

Norðurmiðstöð



Hlutverk

- Kringlumýri ber ábyrgð á allri frístundapjónustu í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi
- Rekur 8 frístundaheimili við grunnskóla hverfanna, þjónustar 1.100 börn á aldrinum 6-9 ára
- Rekur 5 almennar félagsmiðstöðvar við unglingaskóla hverfanna, þjónustar 2.100 börn og unglinga á aldrinum 10-15 ára ásamt sértækri félagsmiðstöð fyrir börn með fötlun vestan Elliðaár





Félagsmiðstöðin
Laugó

Laugavegursskóli

Félagsmiðstöðin
Hofið

Frístundaheimilið
Laugarsel

Laugavegursskóli

Frístundaheimilið
Dalheimar

Frístundaheimilið
Glaðheimar

Langholtsskóli

Félagsmiðstöðin
Þróttheimar

Álftamýraskóli

Frístundaheimilið
Álftabær

Félagsmiðstöðin
Tónabær

Frístundaheimilið
Vogasel

Vogaskóli

Félagsmiðstöðin
Buskinn

Frístundaheimilið
Gulahlíð

Félagsmiðstöðin
Askja yngri

Klettaskóli

Félagsmiðstöðin
Askja eldri

Frístundaheimilið
Krakkakot

Hvassaleitisskóli

Skrifstofa
Kringlumýrar

Frístundaheimilið
Sólbúar

Breiðagerðisskóli

Félagsmiðstöðin
Bústaðir

Réttarholtsskóli

Frístundaheimilið
Neðstaland

Fossvogsskóli



Hlutverk framh.

- Er þekkingarmiðstöð í frístundastarfi fyrir fötluð börn og unglinga.
- Rekur frístundaheimili og félagsmiðstöð fyrir börn og unglinga úr Klettaskóla.
- Hjá Kringlumýri starfa 410 starfsmenn í 137 stöðugildum á 17 starfsstöðum
- Á frístundarhluta SFS í Norðurmiðstöð starfa 9 starfsmenn





Pátttaka í frístundastarfi

- Í félagsmiðstöðvum eru 45% - 79% pátttaka
- Í frístundaheimilum eru 95%-100% pátttaka í 1.-2. bekk 60%-80% pátttaka í 3. bekk og 40%-60% pátttaka í 4. bekk
- Sérstækt frístundastarf (börn og unglingar úr Klettaskóla 98% pátttaka)





Norðurmiðstöð í heild 2022

Velferðarsvið

- Starfsstaðir: 29
- Starfsmenn: Rúmlega 700
- Stöðugildi: um 550

Skóla- og frístundasvið

- 15 grunnskólar
- 18 leikskólar
- 8 frístundaheimili
- 5 félagsmiðstöðvar
- Starfsmenn: um 1.700





Reykjavík